

Ágúst Pési

163 tbl. 13. Árgangur ág 2003
Útgefandi Hrunamannahreppur.
Ritstj. Svanhildur Pétursdóttir
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410
GSM.869-3094
E-mail hruni@mmedia.is

Nú er það ágúst Pésinn, sem berst ykkur lesendur góðir.
Í september er Pésinn svo væntanlegur 10 sept,
og skilafrestur á efni er til 6. sept.

Ritstjóri

Frá Versluninni Strax Flúðum.

*Frá og með 25. ágúst verður opið sem hér
segir:*

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00



VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir REYKJAVÍK – FLÚÐIR og nágr.

**Vöruafgreiðsla í Rvk., AÐALFLUTNINGAR
ehf.**

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

**Brottför frá Reykjavík: mánud - fimmtud. kl. 17.00
og föstud. kl. 16.00.**

**Nánari upplýsingar Jóh. Unnar Guðmundsson
Sími: 898-3741 Högnastíg 1, Flúðum.**

Eldri borgarar í Hrunamannahreppi!

Hin árlega skemmtiferð, í nafni Kvenfélagsins, verður farin fimmtudaginn 21. ágúst nk. Lagt verður af stað frá Flúðum kl. 10:00. Ekið verður niður með Þjórsá að vestan með ströndinni. Leiðsögn verður um kirkju, safn og gróðrarstöð. Ekki er ætlunin að tíunda hér allt, sem fyrir augu og eyru mun bera, þó má geta þess að í hádegi snæðum við súpu ofl (800 kr) á nýjum veitingastað, "Hafið bláa" við ósa Ölfusár. Ferðin endar svo á kaffiveislu (ca 900 kr) hjá Lísu og Böðvari á "Gömlu Borg". Hver veit nema að harmonikulögin duni um sali. Áætluð heimkoma kl 18:00-19:00 Tekið skal fram, að ferðin á ekki að verða neinum ofviða, og ef einhver hefur þörf fyrir aðstoðarmanneskju að mheiman er það velkomið.

Vinsamlegast látið brottflutta, sem hafa farið í þessar ferðir vita af henni núna.

Þátttaka tilkynnist fyrir sunnudagskvöld 17. ágúst til:
Hönnu á Hrafnkelsstöðum S: 486-6687
Lilju á Grafarbakka S: 486-6657

Ath. Ekki verður auglýst frekar.
Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.

Heimili óskast!

Tvær kisur, hreinræktaður Síamsköttur (4ra ára fress) og 2ja ára blönduð læða fást gefins á gott heimili. Uppl. gefur Anna Lára í síma 895-5875 og 588-8875.

Fékk einhver lánaða Lord of the rings (special útgáfa) spóluna mína og gleymdi að skila henni????
Vinsamlegast látið mig þá vita í síma 486-6502

Takk
Unnar Þór

Barnareiðtúr Smára!!

Barna-og fjölskyldureiðtúr Smára verður laugardaginn 16.ágúst. Mæting á Murneyri kl 13:30 þar sem farið verður í leiki og veittar veitingar. Fólk því hvatt til að mæta með pening og ekki síst GÓÐA SKAPIÐ!!! ;-)

Frekari upplýsingar veita: Sigurður, Skollagróf S: 4866782
Lára, Blesastöðum S: 4865514
Kristín, Laxárdal S: 4866081

Allir velkomnir!!!!

Æskulýðsnefndin

Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana
29.ágúst og 19.sept
Pantið tímanlega.
Tímapantanir í síma:
486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.
Einnig á hársnyrtidegi 823-8326 og 899-9665.
Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

Frá Flúðaskóla.

**Skólasetning verður miðvikudaginn
20. ágúst kl 10:00.**

**Kennsla hefst fimmtudaginn 21.ágúst
samkvæmt stundaskrá. Skólabílar aka.
Guðjón Árnason skólastjóri.**

Skattakóngar!!!

Samkvæmt venju er birtur í Pésanum listi yfir þá, sem greiða mest í opinber gjöld í Hrunamannahreppi. Listinn er birtur með þeim fyrirvara að gjöld geta verið áætluð hjá einhverjum.

	Tekjusk.	útsvar	Samtals
1. Guðjón Bjarnar Gunnarsson	1.814.551	1.076.088	2.890.639
2. Ásgeir Gestsson	1.776.224	1.056.694	2.832.918
3. Ágúst Kr Björnsson	1.668.158	982.789	2.650.947
4. Sig. Ingi Jóhannsson	1.484.131	908.185	2.392.316
5. Jón Þorst. Oddleifsson	1.479.520	906.133	2.385.653
6. Örn Einarsson	2.216.089	168.219	2.384.308
7. Eiríkur Kristófersson	1.407.646	870.187	2.277.833
8. Guðjón Birgisson	1.758.067	338.296	2.096.363
9. Ragnar Kr Kristjánsson	1.551.018	532.526	2.083.544
10. Hannibal Kjartansson	1.141.934	831.435	1.973.369
11. Gunnar Hallgrímsson	1.500.215	450.317	1.950.532
12. Jóhanna Vilbergsd	1.172.726	751.312	1.924.038
13. Sjöfn Sigurðard	1.495.167	255.865	1.751.032
14. Bjarni H. Ansnes	1.016.691	672.351	1.689.042
15. Rut Guðmundsdóttir	1.015.646	671.827	1.687.473

Frá bókasafninu

Frá og með mánudeginum 18 ágúst er bókasafnið opið sem hér segir.

Mánudaga kl. 20:00 - 21:00

Priðjudaga til fimmtudaga kl. 16:00 - 18:00

Að gefnu tilefni eru þeir sem eru með bækur í vanskilum, vinsamlega beðnir að skila þeim sem fyrst.

Bókavörður

Atvinna

Flúðaleið ehf.

Óskum eftir meiraprófsbílstjóra á leiðina
Flúðir - Reykjavík, Reykjavík - Flúðir
Upplýsingar gefur Pálmar: 892-2370
eða 486-668

Hjálparbeiðni í neyð !

Á Melum hefur unnið í eitt ár ungur pólskur maður (24. ára.) Hann átti unnustu (20. ára.) úti í Póllandi og um jólin fór hann heim til að gifta sig, þau vonuðust til að hún gæti komið með honum til Íslands, en það fékkst hvorki atvinnu eða dvalarleyfi fyrir hana.

Meðan hann dvaldi ytra varð konan hans barnshafandi og eins og nærri má geta féll þeim þungt að geta ekki verið í návist hvors annars, svo hún brá á það ráð að koma til Íslands sem ferðamaður og gat hún þá verið hér í 3. mánuði.

Barnið átti að fæðast í október, og ætlaði hún aftur heim til Póllands um miðjan ágúst og eiga barnið þar.

Þá gerðist það að hún veiktist og barnið var að koma í heiminn langt fyrir tilsettan tíma, hún var flutt í dauðans ofboði á fæðingarveildina, þar var hægt að afstýra fæðingunni um sinn, en hún varð að liggja inni þar til að barnið fæddist og var það 6 marka drengur og virðist nokkuð hraustur, en verður að vera á vökudeild þar til hann hefur náð þyngd og heilsu til að komast heim.

En þessi unga kona er ekki inni í tryggingarkerfinu svo nú þurfa ungu foreldrarnir að greiða sjúkrahúskostnaðinn úr eigin vasa (sem er tómur.)

Kostnaðurinn er nú þegar kominn á aðra milljón (dagurinn á sjúkrahúsi kostar 73.000)

Pólska tryggingakerfið greiðir aðeins 25.000 með því skilyrði að hún komi heim með barnið.

Verið er að sækja um dvalarleyfi fyrir hana og hefur útlendingastofnun haft góð orð um að það gangi í þetta sinn.

Kæru sveitungar við leitum til ykkar í neyð þessa unga fólks í þeirri von að þið geti látið eitthvað af hendi rakna og höfum því opnað bankareikning í Búnaðarbankanum á Flúðum, reikningur no: **325-13-883168 knt: 0811792479**

Margt smátt gerir eitt stórt. Treystum við á að með ykkar hjálp geti þessi litla fjölskylda horft til bjartari framtíðar hér á Flúðum.

Velunnarar og vinir.



VARÚÐ! VARÚÐ!

Fyrir nokkrum árum var stofnað hér í sveit útgerðarfélag, enda tími til kominn, þar sem ekki hafði verið stunduð útgerð hér í uppsveitum frá tímum Skálholtsbiskupa. Útgerðarfélag þetta hlaut nafnið "Nú þegar" og keypti sér bát. Heimahöfn skipsins er í Hvítárholti og þar hefur skipið verið haft í nausti. Hagur útgerðarinnar hefur verið góður, þó ekki hafi aflaverðmæti verið aðaltekjulind, heldur ánægja og gleði af siglingum á hinum ýmsu vötnum. Nú þegar boð kom frá keisara um að hefja mætti hvalveiðar ákvað stjórn útgerðarinnar að gera bátinn klárann og taka þátt, en þá hrundi dæmið.... Búið var að **stela** mótornum af bátnum þar sem hann stóð í áður nefndu nausti við Hvítárholtshöfn. Verðum við í stjórn útgerðarfélagins því að leita á náðir skattborgara (eins og aðrar útgerðir).

Hefur einhver orðið var við utanborðsmótor án báts á ferðinni hér í sveit frá því síðast liðið haust og til 2/8 "03? Mótorinn er af gerðinni **Yamaha og er 45 hestöfl**. Ekki eigum við von á því að þjófar séu hér á meðal sveitunga vorra, en viljum hvetja fólk til að vera á verði gagnvart eigum sínum og annara, við vitum jú ekki hvers konar **pakk** fer hér um að næturþeli. F/h útgerðarstjórnar "Nú þegar"

Ragnar Kr
Vignir
Örn.

FLÚÐALEIÐ ehf.

Vöruflutningar
ferðaáætlun

Þriðjudaga - miðvikudaga - fimmtudaga -
föstudaga

Brottför kl. 15:00 frá: **VM-Flytjanda**
Klettagörðum 15, Reykjavík.

Brottför frá Húsasmíðjunni á Selfossi kl. 16:00
Pálmar: 892-2370

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: fludal@binet.is

Flytjandi

- á réttri leið

KÖRFUBOLTAFRÉTTIR.

Nú ferð að stytast í að körfuboltinn byrji aftur eftir sumarfrí. Það er engin hætt á að krakkarnir hafi stíðnað í sumar því nóg hefur verið í boði af íþróttum.

Eins og flestir vita hefur Kristleifur hætt störfum hér sem íþróttakennari og þar með körfuboltaþjálfun. Það starf sem hann hefur unnið hér í þágu körfuboltans verður seint metið því hann hefur haft umfang starfsins á sínum herðum meira og minna s.l. 11 ár.

Við þökkum honum kærlega vel unnin störf og gott samstarf um leið og við óskum honum góðs gengis á nýjum stað.

Nýráðinn íþróttakennari Oddur Jóhannsson hefur sýnt þjálfun körfunnar áhuga og hefur stjórnin rætt við hann um starfið. Ef einhver hefur áhuga á að aðstoða Odd við þjálfun í vetur hafið þá samband við einhvern í stjórninni.

Búið er að skrá bæði meistaraflokk kvenna og karla til keppni svo þeir sem ætla að vera með geta farið að hreyfa sig.

Tafla íþróttahússins kemur væntanlega út um mánaðarmótin en þangað til er um að gera að nota húsið þau 4 kvöld sem það er opið. Sjáumst hress og kát í haust, STJÓRNIN.

Jón s: 486 6720 , Magga s: 486 6745 , Sigga s: 486 6411.

Hjólreiðaferð og Stóru Laxár ganga.

8. ferð 17.ágúst. Hjólreiðaferð.

Maríuhringurinn.

Ferðin byrjar á plani Félagsheimilisins á Flúðum kl 13:00 og endar þar. Hjólaður Hrunavegur upp í Kirkjuskarð og niður malbikið aftur að Flúðum. Kannski verða einhverjar uppákomur á leiðinni.

Fararstjóri Margrét Jóhannsdóttir.

Áætlaður hjólatími óákveðinn.

9. ferð. 24.ágúst. Dagsganga. Stóru Laxárgljúfur.

Ekið inn í afrétt og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru Laxár, sem er rómað fyrir fegurð. Komið við á Hrunakrók og endað á Kaldbak. Ógleymanleg ganga. **Göngugarpar mæti á planið hjá Félagsheimilinu á Flúðum kl 10:00 þaðan verða þeir keyrðir inn í afrétt.** Áætlaður göngutími 7-8 klst.

Nánari upplýsingar í síma

486 6745 og 849 0546, Magga S Brynjólfsdóttir.

486 6576 og 892 1276 Halldóra Hjörleifsdóttir

899 8984 Elín Hannibalsdóttir.

Atvinna!!!

Verslunin Strax óskar að ráða starfskraft í ræstingu sem fyrst.

Upplýsingar gefur Verslunarstjóri á staðnum.

Dósasöfnun hjá 10. bekk Flúðaskóla 23. ágúst.

Við í 10. bekk í Flúðaskóla erum að fara til Danmerkur þann 29. ágúst og erum búin að vera að safna fyrir ferðinni í allt sumar. Nú er komið að lokaátakinu í fjáröfluninni en við ætlum að keyra á milli bæja og húsa og safna dósnum, laugardaginn 23. ágúst.

Við sækjum og teljum og það eina sem þið þurfið að gera er að setja dósirnar og flöskurnar í poka!!

Hlökkum til að sjá ykkur 23. ágúst.

10. bekkur Flúðaskóla.

Iðandi dagar 2003

Eins og væntanlega allir heimamenn urðu varir við um verslunar -mannahelgina, var dálítið af fólki hér á svæðinu. Óhætt er að segja að mannfjöldinn hafi komið öllum á óvart, hvort heldur er ferðapjónustuaðilum eða öðrum aðilum en það sem mest gleðilega kom á óvart er að þrátt fyrir allan þennan gífurlega mannfjölda og að aðstæður hefðu ekki gert ráð fyrir þessum fjölda, gekk allt vel og meira en það. Lögreglan og Björgunarfélagið Eyvindur stóðu vaktina alla helgina og er það mál manna, bæði lærðra og leikra, að miðað við mannmergdina hafi vandræði verið lítil sem engin og óhætt að segja að þeir eigi heiður skilinn sem stóðu vaktina.

Umsjónarmenn Iðandi daga vilja hér þakka þeim fjölmörgu sem komu að "hátíðinni" og gerðu hana svo vel heppnaða sem raun ber vitni. Traktorstorfæran er náttúrulega bara snilld og allir þeir vösku sveinar sem að henni standa, fá þúsund þakkir og áminningu um að nýta sér gjafabréfin! Sölutorgið með lifandi tónlist, furðulegum uppákomum, nærfötum og sultum og allt þar á milli, var mjög vel heppnað og greinilegt að fólk tók sér góðan tíma til að njóta stemmningarinnar. Stemmningin við brennuna var frábær bæði kvöldin en aldrei áður hafa svo margir setið í þessari brekku. Fitnesskeppnin fyrir börn stóð fyrir sínu, Furðubátakeppnin hefur aldrei áður haft svo marga þátttakendur (43) og líklega aldrei svo marga áhorfendur. Skrúðgarðar þeirra systra, Önnu og Helgu slá öllu við og þeim líkt við töfragarða. Ekki er nærri allt upptalið en mál að linni.

Nú þarf að setjast niður og fara yfir alla þætti varðandi fyrirkomulag þar sem sýnt þykir að Iðandi dagar urðu mun stærri heldur en gert var ráð fyrir. Við umsjónarmenn höfum farið fram á það við sveitarstjórn að til fundar verði kallað með öllum aðilum sem koma að Iðandi dögum með framtíðarskipulag í huga.

Með þökk.

Anna og Sólmundur.

Skattakóngar!!!

Samkvæmt venju er birtur í Pésanum listi yfir þá, sem greiða mest í opinber gjöld í Hrunamannahreppi. Listinn er birtur með þeim fyrirvara að gjöld geta verið áætluð hjá einhverjum.

	Tekjusk.	útsvar	Samtals
1. Guðjón Bjarnar Gunnarsson	1.814.551	1.076.088	2.890.639
2. Ásgeir Gestsson	1.776.224	1.056.694	2.832.918
3. Ágúst Kr Björnsson	1.668.158	982.789	2.650.947
4. Sig. Ingi Jóhannsson	1.484.131	908.185	2.392.316
5. Jón Þorst. Oddleifsson	1.479.520	906.133	2.385.653
6. Örn Einarsson	2.216.089	168.219	2.384.308
7. Eiríkur Kristófersson	1.407.646	870.187	2.277.833
8. Guðjón Birgisson	1.758.067	338.296	2.096.363
9. Ragnar Kr Kristjánsson	1.551.018	532.526	2.083.544
10. Hannibal Kjartansson	1.141.934	831.435	1.973.369
11. Gunnar Hallgrímsson	1.500.215	450.317	1.950.532
12. Jóhanna Vilbergsd	1.172.726	751.312	1.924.038
13. Sjöfn Sigurðard	1.495.167	255.865	1.751.032
14. Bjarni H. Ansnes	1.016.691	672.351	1.689.042
15. Rut Guðmundsdóttir	1.015.646	671.827	1.687.473